

**9. fundur Fötlunarráðs var haldinn fimmtudaginn 18. Júní 2020 kl. 14-16 í
fundarsal Stjórnsýsluhúss á Húsavík.**

**Mættir eru: Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Karolína Kristín
Gunnlaugsdóttir, Einar Víðir Einarsson, Hermína Hreiðarsdóttir og Sigríður
Hauksdóttir.**

1. Covid 19 – lærðómur – réttindi fatlaðra hvað varðar nám, hæfingu, skammtímadvöl og önnur réttindi, með Gæða- og eftirlitsstofnun í huga.

Vantar uppá samtöl við notendur og betra skipulag. T.d. hringja oftar í þá sem eru heima, skipuleggja í samráði við notendur og vera undirbúin fyrir það að ástandið endurtaki sig. Mikilvægt er að hafa í huga og að nýta sér þá tækni sem við búum við í dag að veita fjarþjónustu t.d. að hittast á Team, Zoom og þess háttar forrit. Hægt að undirbúa með því að halda námskeið t.d. í samstarfi við Pekkingarnetið.

2. Sýnileiki ráðs og hvatning til að senda til okkar pósta.

Setja auglýsingu í Skrána í haust, á facebook, heimasíðu Norðurþings og víðar til að fólk viti af okkur og leiti til okkar. Vera með opinn fund í haust og annað sem okkur kann að detta í hug til að vekja athygli á okkur.

3. Yfirferð á hugtakalista frá Siggu og staðan hér.

Þjónandi leiðsögn, yfirferð á því sem lagt er upp með með starfsfólki félagsþjónustunnar, kynning og efni.

4. Önnur mál.

- *Fræðsla fyrir starfsfólk t.d. í búsetukjörnum, hæfingu, liðveislu o.s.frv.*
Markviss fræðsla í upphafi og svo símenntun í samstarfi við Pekkingarnet
Þingeyinga eitthvað sem tilefni er til að skoða.
- *Fræðsla á Húsavík í haust þar sem fólk er smalað saman á námskeið hjá Réttindargæslumanni fatlaðra fyrir persónulega talsmenn og fjárhaldsmenn.*
Taka saman hve stór hópurinn er og sækja um slíkt námskeið t.d. í stjórnsýsluhúsi eða eftir stærð hóps.

- Umræða um kostnað liðþiggjanda við liðveislu. Formaður Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Sigríður Hauksdóttir taka að sér að setja saman ályktun sem undirrituð verður af ráðinu og send á Gæða- og eftirlitsstofnun.

Jóna Rún Skarphéðinsdóttir

Sigríður Hauksdóttir

Hennina Hraidsdóttir

Kr. Karolina Kr. Gunnlaugsdóttir

Karolina Kr. Gunnlaugsdóttir